

## Áhersluþættir og stefna í öldrunarþjónustu 2019-2022

Markmið með stefnumótun í öldrunarþjónustu er að íbúum Vestmannaeyjabæjar sé ljóst hvaða framtíðarsýn sveitarfélagið hefur í málefnum aldraðra og hvað eigi að koma til framkvæmda á næstu misserum

Eldri borgurum í samfélaginu fjölgar, hlutfall þeirra er 14,57 % eða alls 627 einstaklingar í Vestmannaeyjum árið 2019 sem eru 67 ára og eldri. Spáð er hlutfallslegri fjölgun á næstu árum og mikilvægt að bregðast við með skýrri stefnumótun í málflokknum. Mikilvægt er þó að huga að því að hópurinn er fjölbreyttur og ekki það sama sem hentar öllum. Því er mikilvægt að huga að fjölbreyttum lausnum og úrræðum eftir því hvar hver og einn einstaklingur er staddur í öldrunarferlinu,

Vestmannaeyjabær vill standa vörð um þá eldri borgara sem standa höllum fæti í samfélaginu og þurfa á þjónustu að halda en einnig að viðhalda virkni og efla forvarnir hjá þeim sem tilheyra hraustari hópi eldri borgara.

Mikilvægt er að í lok hvers árs sé farið yfir markmið þeirrar stefnu sem hér er lögð fram og lögð upp kostnaðaráætlun fyrir næsta ár út frá því hvaða leiðir skal fara til að ná þeim markmiðum sem sett eru

## Áhersla á forvarnir- og heilsueflandi þætti

*Markmiðið er að bæta lífsgæði eldri borgara og stuðla að farsælli öldrun. Þekkt er að líkamleg, andleg og félagsleg heilsa er undirstaða lífsgæða á efri árum. Vestmanneyjabær vill leggja áherslu á heilsueflandi þætti til að bæta lífsgæði eldri íbúa samfélagsins*

Leiðir:

- Með aukinni áherslu á hreyfingu og fyrirbyggjandi þjálfun frá 65 ára aldri með sérstöku heilsueflingarverkefni sbr. Heilsuefling 65+, Janusarverkefni
- Unnið verði að því að halda áfram að bæta gönguleiðir og útisvæði sem nýtast sem aðstaða fyrir eldri borgara til hreyfingu utan húss
- Farið verði í heilsueflandi heimsóknir til allra íbúa 80 ára og eldri sem ekki eru með heimþjónustu/stuðningsþjónustu þar sem þeim er kynnt sú þjónusta sem er í boði og fræðsla um fyrirbyggjandi þætti og forvarnir til að tryggja áframhaldandi virkni
- Áframhaldandi fjölbreytt tómstundaiðja verði í boði í samstarfi við félag eldri borgara og inn á Hraunbúðum til að viðhalda virkni og koma í veg fyrir einmanaleika

## Efling á heimaþjónustu og úrræðum til að eldri borgarar geti dvalið sem lengst heima

Markmiðið er að eldri borgarar geti dvalið sem lengst í heimahúsum samkvæmt opinberri stefnu ríkisins með einstaklingsbundinni þjónustu.

Leiðir:

- Kvöld-og helgarþjónusta heimaþjónustu/stuðningsþjónustu verði eflað ásamt félagslegu innliti
- Farið verði í verkefni sem nefnist "Endurhæfing í heimahúsi" og ráðinn verði inn iðjuþjálfari sem myndi þróa verkefnið og sinna því. Sýnt hefur sig í öðrum sveitarfélögum að verkefnið dregur úr þörf fyrir þjónustu í heimahúsi til lengri tíma. Iðjuþjálfari myndi þá nýtast bæði á heimilum aldraðra og fatlaðra og inn á stofnunum bæjarins eins og Hraunbúðum og þjónustuíbúðum aldraðra og fatlaðra.
- Aukin fjölbreytni verði í faglegri ráðgjöf í heimaþjónustu/stuðningsþjónustu s.s frá iðjuþjálfara, félagsráðgjafa, sjúkraliða, íþróttakennara eða sjúkraþjálfara
- Innleitt verði RAI mat í heimaþjónustu sem skýrir betur þarfir einstaklinganna
- Aukið verði samstarf við heimahjúkrun HSU með hagsmuni þjónustuþega að leiðarljósi
- Áfram unnið að því að fá samþykki fyrir sértækum dagdvalarrýmum fyrir einstaklinga með Alzheimer frá heilbrigðisráðuneyti og í kjölfarið metin þörf fyrir að dagdvöl sé rekin í sérhúsnæði

## Efla samstarf og samráð við eldri borgara

Markmiðið er að fá sjónarmið eldri borgara sjálfra við þróun og uppbyggingu bæði öldrunarþjónustunnar en einnig varðandi uppbyggingu og þróun sveitarfélagsins. Framlag eldri borgara til samfélagsins, raddir þeirra, þekking og reynsla er auður sem er ein af grunnstoðum þess að byggja upp gott samfélag.

Leiðir:

- Áfram verði virkt samstarf við félag eldri borgara og félagið fái áfram fjárhagslegan stuðning frá Vestmannaeyjabæ til að sjá um og móta skipulagt tómstunda-og félagsstarf fyrir eldri borgara eins og félagið telur best hverju sinni
- Eldri borgarar taki sjálfir þátt í að móta þjónustuna m.a með rýnihópum og skoðana- og þjónustukönnunum
- Öldungaráð sem starfrækt er skv lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga sé virkur þátttakandi í ákvarðanatökum um málefni er eldri borgara varðar og eftir áliti þeirra sé leitað í öllum meiriháttar ákvörðunum er varða málefni eldri borgara. Öldungaráð sé ráðgefandi fyrir bæjarstjórn og gæti hagsmuna eldri borgara.

## Aukin áhersla á velferðartækni í öldrunarþjónustu:

Markmið velferðartækni í öldrunarþjónustu eru aukin gæði þjónustunnar, aukið sjálfstæði og lífsgæði þjónustuþegans auk aukinnar hagkvæmni. Aukin velferðartækni getur einnig dregið úr félagslegri einangrun. Nú þegar hafa verið stigin nokkur skref í tæknivæðingu í öldrunarþjónustu s.s með rafrænni sjúkraskráningu á Hraunbúðum, fullkomnu öryggiskerfi á Hraunbúðum sem hægt er að þróa áfram og CareOn þjónustukerfi í heimaþjónustu

Leiðir:

- Áframhaldandi þróun á öryggiskerfi í þjónustuíbúðum Vestmannaeyjabæjar og Hraunbúðum
- Áframhaldandi þróun á notkun CareOn þjónustukerfis í heimaþjónustu
- Skoðaðir verði möguleikar á notkun Memaxi kerfis í samstarfi við HSU
- Stuðningsþjónusta við aldraða verði tæknivædd eins og kostur er
- Sett verði fram stefna um innleiðingu á velferðartækni í öldrunarþjónustu sem m.a getur létt undir með starfsfólki, sjá <http://www.samband.is/media/fostudagur/Halldor.pdf>

## Aðgengi að upplýsingum

Mikilvægt er að eldri borgarar hafi gott aðgengi að upplýsingum um þá þjónustu sem er í boði og hvert eigi að leita ráðgjafar um mál er þá snerta

Leiðir:

- Upplýsingar um þjónustu skulu vera aðgengilegar í upplýsingabækling sem liggur frammi á helstu stöðum sem eldri borgarar koma á
- Aðgengi að upplýsingum skal vera aðgengilegt og vel upp sett á heimasíðu Vestmannaeyjabæjar
- Þjóða þarf reglulega upp á fræðslu til starfsmanna í félags- og heilbrigðisþjónustu um öldrunarþjónustu svo þeir geti miðlað áfram með ráðgjöf
- Heilsueflandi heimsóknir til 80 ára og eldri sem ekki njóta heimaþjónustu/stuðningsþjónustu

## Húsnæðismál eldri borgara

Markmið Vestmannaeyjabæjar er að sjá til eða hafa milligöngu um að hentugt húsnæði sé í boði fyrir eldri borgara en jafnframt að þeir geti dvalið á sínu heimili sem lengst. Fimm þjónustuíbúðir fyrir eldri borgara voru teknar í notkun á árinu 2019, eru þær orðnar raunhæfur möguleiki fyrir þá sem þar búa til að geta dvalið sem lengst utan stofnunar með viðeigandi þjónustu

Leiðir:

- Eldri borgurum sé gert kleift að búa sem lengst í heimahúsum með viðunandi stuðningi s.s aðstoð við garðslátt, snjómokstur, stuðningsþjónustu, heimsendum mat og dagdvöl
- Gert sé ráð fyrir íbúðum fyrir eldri borgara í skipulagi bæjarins og félagasamtök eða sjálfstæðir aðilar hvattir til að bjóða upp á hentugar íbúðir fyrir þennan aldurshóp til sölu eða leigu
- Þjónustuíbúðum í eigu bæjarins verði fjölgað og þjónustan þróuð í samstarfi við íbúa þeirra
- Áfram verði til leigu hentugar íbúðir fyrir eldri borgara hjá Vestmannaeyjabæ

## Starfsfólk í öldrunarþjónustu

Mannauður er lykill að framþróun og gæðum í öldrunarþjónustu Vestmannaeyjabæjar. Markmið er að hlúa vel að starfsfólki í þessum geira með áherslu á gefandi vinnuumhverfi og starfsánægju

Leiðir;

- Leggja þarf áherslu á fræðslu, símenntun, þjálfun og símenntun starfsfólks
- Vinna þarf sérstaklega með þætti sem tengjast starfsánægju og óska eftir tillögum frá starfsfólkinu sjálfu um hvaða leiðir þau sjálf telji bestar

## Stofnanarþjónusta

Í Vestmannaeyjum sér sveitarfélagið um rekstur Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Hraunbúða með takmörkuðu fjárframlagi frá ríkinu. Unnið er að endurskipulagningu þjónustunnar en mikilvægt markmið er að standa vörð um að ríkið veiti þá þjónustu sem því er ætlað að veita

Leiðir:

- Áfram verði lögð áhersla á að sækjast eftir fleiri hjúkrunarrýmum, hvíldarrýmum og sérhæfðum dagdvalarrýmum hjá ríkinu
- Áfram verði unnið að því í samvinnu við Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu að ná fram réttlátari greiðslum og þjónustusamningi við ríkið um rekstur Hraunbúða

**Sólrún Erla Gunnarsdóttir**

**Deildarstjóri í málefnum aldraðra**